

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. maí 2005

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til höfundalaga, 702. mál.

Neytendasamtökin gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

11. gr.


Með breytingu á 49. gr. höfundalaga er gert ráð fyrir að óska þurfi samþykkis ljósmyndara áður en mynd sem hann hefur tekið sé birt. Neytendasamtökin telja eðlilegt að gerð sé undantekning þegar neytandi hefur óskað eftir því við ljósmyndara að teknar verði ákveðnar myndir fyrir sig og hefur greitt fyrir verkið og eftir atvikum fyrir eftirgerð þess.

12. gr.

Neytendasamtökin leggja áherslu á að þeir sem notast við tæknilegar ráðstafanir séu skyldaðir til þess að upplýsa neytendur um það með skýrum hætti. Ljóst er að tæknilegar ráðstafanir gera það í mörgum tilvikum að verkum að neytendur geta ekki notað verk eins og þeir höfðu hugsað sér og telja samtökin að jafnvel sé komið í veg fyrir eðlileg afnot með slíkum ráðstöfunum. Svo dæmi séu tekin er ekki hægt að spila geisladiska með afritunarvörnum í öllum geislaspilurum. Það er því mikilvægt að neytendur séu upplýstir um það ef verk er varið með tæknilegum ráðstöfunum svo að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun um kaup.

Neytendasamtökin gera ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu en gera þó þann fyrirvara að samtökunum barst frumvarpið ekki til umsagnar fyrr en eftir því var óskað af hálfu samtakanna og varð umsagnarfresturinn því mjög skammur. Verði málið ekki afgreitt á yfirstandandi þingi er hugsanlegt að gerðar verði frekari athugasemdir af hálfu samtakanna.

Virðingarfyllt,
f.h. Neytendasamtakanna,


Iris Ösp Ingjaldsdóttir, hdl.